

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

(Eftir 2. umr., 23. mars.)

1. gr.

A-liður 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: hafa búsetu innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og er heimilt að leita umsagnar endurskoðanda.
- c. Í stað orðanna „endurskoðaðan ársreikning“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: ársreikning áritaðan samkvæmt lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.
- d. Í stað orðanna „að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: og er heimilt að óska eftir umsögn endurskoðanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.